

4. fundur Betadeildar starfsveturinn 2022-2023

Fundur haldinn mánudaginn 13. mars 2023 kl. 19:00 í Eikarlundi 10, Akureyri

Almenn fundarstörf

Formaður setur fund og býður Hönnu Salómons dóttur að kveikja á kertunum. Formaður skilar kveðjum frá fjarstöddum konum.

Orð til umhugsunar – Minnie Eggertsdóttir fer með orð til umhugsunar. Minnie ræðir válega tíma, stríð og hörmungar sem snertir allt friðelskandi fólk. Hún fer með falleg ljóð eftir þrjár íslenskar konur, Kristínu Jónsdóttur sauðfjárbónda í Lóni í Austur-Skaftafellssýslu, en hún varð fræg á einni nóttu fyrir bók sína. Lesin eru þrjú falleg ljóð úr bók Kristínar sem heitir Bréf til næturinnar (*Ástúð, Afbrýði og Sátt*). Næst les Minnie þrjú ljóð úr bók eftir Sigrúnu Björgvinsdóttur, sem var Austfirðingur og mikil ræktunarkona, (*Þú og hamingjan, Hugsað í blómum og Einn í einu*). Að lokum fer Minnie með þrjú ljóð eftir Önnu Ingólfssdóttur, fyrrverandi leikskólakennara frá Akureyri úr bók sem heitir *Þögn, smásögur og ljóð*. (*Trúnó, Þögn og Góðar saman*).

Að loknum orðum til umhugsunar felur formaður undirbúningsnefnd fundarstjórn stýrir Hugu Sigmundsdóttir fundinum og kynnir undirbúningsnefndina. Í nefndinni eru Hanna, Anna Þóra og Ragnheiður (sem kemur í stað Anítu en þær höfðu skipti á nefndum sín á milli). Farið er yfir dagskrá fundarins.

Fundargerð – SRJ les fundargerð síðasta fundar.

Erindi stjórnar

Hugu gefur Aðalbjörgu, formanni, orðið.

Landssambandsfréttabréf – Aðalbjörg byrjar á að fara yfir Landssambandsfréttabréf. Fréttabréfið verður sent í tölvupósti til félagskvenna. Í fréttabréfinu er rætt um árgjaldið sem er kr. 10.000 en sumstaðar hefur það verið samþykkt hærra.

Landssambandsþing – fram kemur að Landssambandsþing verði haldið í Hveragerði dagana 13. og 14. maí nk. og er dagskrá að mótask. Aðalfyrirlesari kemur frá Finnlandi og er yfirskrift þingsins (menntun til framtíðar) *Framtíðarmenntun*. Umfjöllunin verður um nám og starfsnám kennara. Bent er á heimasíðu samtakanna fyrir skráningu á þingið. Rætt er að hver og ein geri upp hug sinn varðandi mætingu og hvort vilji sé til að gera eitthvað saman af tilefninu.

Finnlandsferð – formaður ræðir einnig Finnlandsferðin sem þarf að taka ákvörðun um varðandi skráningu. Fram kemur að alls bást 40 umsóknir um flutning erinda en ekki er rými fyrir þau öll og er verið að velja úr erindum. Umfjöllunarefnið er fjölbreytt.

4. fundur Betadeildar starfsveturinn 2022-2023

Cornett styrkur – Þá kemur fram að enn sé frestur til að sækja um Cornett styrkinn. Bent er á að næsti fundur deildarinnar sé 26. apríl og þá verði orðið mjög stutt í þessa viðburði og því mikilvægt að ræða um þá núna.

Formaður mun senda konum áminningu um þingið en tekur fram að sjálf komist hún ekki á þingið að þessu sinni. Heyrst hefur að ekki sé mikil bjartsýni á góða þátttöku hjá Mýdeild. Formaður lýkur máli sínu og þakkar Hugrún fyrir fyrir erindin og upplýsingarnar.

Afmælisnefnd

Þorgerður ræðir að nefndin hafi velt fyrirkomulaginu fyrir sér varðandi afmælisfundinn og heiðrun konu. Þorgerður nefnir að í hennar tíð hafi konur þrisvar sinnum verið heiðraðar. Hún fer yfir það sem hún man varðandi þær athafnir og segir þetta hafa verið með ýmsu móti, bæði slegið saman viðburði og vorferð og einnig verið sérstök heiðrun. Þorgerður fer yfir nokkrar hugmyndir nefndarinnar. Rætt hafi verið að borða á Brúnum, fara á Siglufjörð svo eitthvað sé nefnt. Einnig hafi verið rætt að færa til fundartíma síðsta fundar t.d. fyrir eða eftir Hvítasunnu eða hafa fundinn jafnvel á laugardegi. Nefndar voru dagsetningarnar 27. maí og 3. júní sem eru laugardagar. Allt veltur þetta á skipulaginu. Eftir yfirferð þorgerðar verða umræðum. Rætt er um hugmyndir að konum til að heiðra. Einnig hvort það eigi að heiðra konu á 5 til 10 ára fresti. Rætt er um kosti og galla en talið mikilvægt að deildin þurfi að láta vita af sér. Frá árinu 2007 hafa þrjár konur verið heiðraðar og bent er á að þetta sé skemmtilegur siður. Þá er rætt að HA sé í túnfætinum og því hæg heimatökin og víða hægt að leita fanga um öflugar og merkar konur á þessu svæði. Konur sem hafa verið nefndar eru ræddar. Áréttað er að halda umræðu áfram yfir kaffibollanum, þ.e. hvort heiðra eigi á 5 eða 10 ára fresti og formið á lokafundinum.

Vígsla nýrra félagskvenna

Falleg og notaleg stund var í Eikarlundinum þegar vígðar voru inn í Betadeild, Ólöf Ása Benediktsdóttir og Vaka Óttarsdóttir. Þær eru mikill fengur fyrir deildina!

Kaffihlé

Happdrættisvinningur

Þorgerður Sigurðardóttir fær happdrættisvinninginn.

Kynning á nýjum og gömlum félagskonum – farinn er hringur og segir hver og ein kona örstutt frá sjálfri sér og hvenær hún vígðist inn í deildina. Þær stöllur eru aftur boðnar velkomnar, Ólöf Ása og Vaka.

4. fundur Betadeildar starfsveturinn 2022-2023

Afmælisnefnd

Afmælisfundur/ferð/heiðrun – aftur er tekin upp umræðan um lokafundinn, afmælisferð og heiðrun - hvernig vilja konur sjá þetta skipulag. Áfram er rætt fram og til baka. Fram kemur hugmynd um að fara í góða haustferð á nýju starfsári frekar en í vorferð. Eftir nokkra umræðu er ákveðið að hafa lokafund og heiðra konu og borða saman og fara sérstaka haustferð í byrjun starfsárs.

Þá er jafnframt ákveðið að halda upphaflegri dagsetningu fyrir fundinn, eða 26. maí kl. 17.00. Bent er á konan sem á að heiðra þurfi að vera tiltæk þennan dag.

Konum eru hvattar til að koma með tillögur að konum til að heiðra og einnig er bent á að til sé listi yfir konur sem hafa verið nefndar sem heiðurskonur DKG. Ákveðið er hugsa áfram hvaða konur koma til greina. Að lokum verður það stjórnar að ákveða hver verður heiðruð. Rifjað er upp hvernig þetta hefur verið með fyrri konur sem hafa verið heiðraðar og nefnt að það þurfi einhver að taka að sér að fara með ágrip um konuna sem fyrir valinu verður og fyrir hvað hún er heiðruð. Út á það gengur athöfnin, þá er keyptur listmunur og blóm. Rætt er að afmælisnefndin verði í sambandi við stjórn um þetta.

Fundarlok

Hugrún gefur formanni orðið. Formaður minnir á næstu fundi sem eru 26. apríl og 26. maí, lokafundur eins og búið er að ræða hér ofar. Aðalbjörg mun minna undirbúningsnefnd á næsta fund. Formaður þakkar fyrir hlýja og notaleg stund á fallegu heimili, kvöldstundin hafi nært sálina. Aðalbjörg biður Hönnu um að slökkva á kertunum.

Fleira ekki rætt og fundi slitið/SRJ